

## Fréttabréf Viðskiptaráðs 18. desember 2009

---

### Opinber fjármál - Margar leiðir færar

Á miðvikudag gaf Viðskiptaráð út skýrslu undir yfirskriftinni *Fjármál hins opinbera - aðrar leiðir færar* og var skýrslan kynnt á blaðamannafundi sama dag. Skýrslunni er ætlað að bregða birtu á þróun ríkisfjármála undanfarin ár, galla á fyrirhuguðum skattabreytingum og mögulegar leiðir að því marki að koma á jöfnuði ríkisfjármála og tryggja áfram velferð í íslensku samfélagi.

Í skýrslunni eru lagðar fram ýmsar tillögur sem fela m.a. í sér aðra og einfaldari nálgun á breytingar á skattkerfi, endurskoðun á útgjaldaliðum ráðuneyta, aðgerðir til að auka umsvif í hagkerfinu, tekjuöflun í gegnum lífeyrissjóði og með sölu ríkiseigna, endurskoðun í menntamálum, samdrátt í opinberum launakostnaði, endurskoðun á útgjöldum til sveitarfélaga og eflingu fjárlagaferlis. Er það mat Viðskiptaráðs að þessar leiðir séu betur til þess fallnar að næra og byggja upp hagkerfið sem fyrst á nýjan leik og verja þannig störf, almenn lífskjör og tryggja sjálfbærni hagkerfisins til lengri tíma litið.

Skýrsluna má nálgast [hér](#).

Glærur frá blaðamannafundi má nálgast [hér](#).

### Ummæli formanns LSR ekki á rökum reist

Vegna ummæla formanns Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um hugmyndir Viðskiptaráðs um jöfnun lífeyrisréttinda opinberra og almennra starfsmanna sendi ráðið frá sér fréttatilkynningu í dag, sem má sjá [hér](#).

### Aðalfundur og framboð til stjórnar

Miðvikudaginn 17. febrúar næstkomandi mun hið árlega Viðskiptaþing Viðskiptaráðs vera haldið. Að þessu sinni verður aðalfundur Viðskiptaráðs haldinn samhliða þinginu, en formlegt aðalfundarboð verður sent út í janúar í samræmi við lög ráðsins.

Af því tilefni leitar skrifstofa ráðsins eftir félagsmönnum sem viljugir eru til að ljá félaginu krafta sína með stjórnarstörfum. Þeir eru beðnir að færa nafn sitt á ábendingarlista vegna kjörs til stjórnar Viðskiptaráðs. Listinn skal skv. lögum ráðsins innihalda nöfn 57 félagsmanna sem félagar geta greitt atkvæði sitt. Úrslit kosninga verða tilkynnt á aðalfundinum, en kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda sem haldnir eru á tveggja ára fresti. Ábendingarlisti þessi fylgir kjörgögnum sem send verða félagsmönnum í lok janúar. Þá er jafnframt athygli vakin á því að formaður stjórnar er kosinn sérstaklega skv. lögum ráðsins og skal framboðum til formanns skilað til skrifstofu ráðsins eigi síðar en þremur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

Það væri okkur sönn ánægja ef félagsmenn myndu sjá sér fært að bjóða sig fram til setu í stjórn ráðsins og leggja okkur lið næstu tvö árin við að bæta íslenskt viðskiptaumhverfi. Ljóst er að um viðamikið verkefni er að ræða, enda umhverfi til fyrirtækjareksturs laskað um þessar mundir og lyfta þarf grettistaki til að ráða á því bót. Nú sem fyrr mun Viðskiptaráð að leggja lóð sín á vogarskálarnar og ljóst er að þau grunnildi sem ráðið hefur staðið vörð um undanfarin 90 ár eiga fullt erindi til stjórnvalda.

Félagsmenn eru vinsamlegast beðnir að senda tölvupóst á [birna@vi.is](mailto:birna@vi.is) fyrir miðvikudaginn 20. janúar næstkomandi hafi þeir áhuga á að færa nafn sitt á ábendingarlistann og fyrir miðvikudaginn 27. janúar hafi þeir hug á að bjóða sig fram til formanns stjórnar ráðsins. Nánari upplýsingar veitir Finnur Oddsson framkvæmdastjóri ([finnur@vi.is](mailto:finnur@vi.is)).

## Brúttóskattlagning dregur úr aðgengi að fjármagni

Viðskiptaráð Íslands hefur undanfarnar vikur gert margvíslegar athugasemdir við boðaðar skattabreytingar ríkisstjórnarinnar. Einn þáttur þeirra varðar fyrirhugaðar breytingar á skattlagningu ýmissa tekna aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hérlendis.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi ríkisstjórnarinnar um [tekjuöflun ríkisins](#) verða tilteknar tekjur skattlagðar án möguleika á að draga kostnað frá skattstofni, en samkvæmt nógildandi lögum er slíkur frádráttur almennt heimill. Er því verið að færa þessar tekjur úr nettóskattlagningu yfir í brúttóskattlagningu.

Þetta mun leiða til þess að tilteknar tekjur erlendra aðila verða skattlagðar meir en sambærilegar tekjur innlendra aðila og ljóst má vera að þetta mun draga verulega úr fýsileika íslensks skattkerfis í augum erlendra fjárfesta. Á þetta jafnt við þó í gildi sé tvísköttunarsamningur milli Íslands og heimaríkis viðkomandi aðila, því frádrættir og endurgreiðslur vegna tvísköttunar eru iðulega miðaðar við nettóskattlagningu. Vegna þessa getur heildarskattlagning tekna þessara aðila, t.a.m. vegna vaxtagreiðslna, jafnvel orðið hærrí en nettótekjur þeirra voru vegna lánsins.

Að mati Viðskiptaráðs er afar ólíklegt að erlendum aðilum muni hugnast þetta fyrirkomulag. Verulegar líkur eru því á að þetta muni takmarka frekar en orðið er aðgengi fyrirtækja að fjármagni og hamla þar með efnahagslegri endurreisn íslensks atvinnulífs. Um þetta er fjallað nánar í umsögn Viðskiptaráðs við frumvarpið, sem má nálgast [hér](#).

Fjöldi aðila í viðskiptalífínu hefur verið að rýna í boðaðar skattabreytingar ríkisstjórnarinnar og vænt áhrif þeirra. Meðal annars má finna umfjöllun um málið í [frétt RÚV](#) þar sem rætt er við Völu Valtýsdóttur sviðsstjóra skatta- og lögfræðisviðs Deloitte.

## Nýr rektor Háskólans í Reykjavík

Dr. Ari Kristinn Jónsson, forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík, hefur verið skipaður rektor Háskólans í Reykjavík. Hann tekur við embættinu 23. janúar nk. af dr. Svöfu Grönfeldt, sem undanfarin þrjú ár hefur leitt umfangsmikið starf skólans til eflingar akademíks styrks og uppbyggingar framtíðaraðseturs í Nauthólsvík. Nánari upplýsingar um nýjan rektor HR má finna [hér](#).

Stjórn Viðskiptaráðs þakkar Svöfu fyrir farsælt samstarf síðustu ár og frábæran árangur hennar í uppbyggingu HR. Á sama tíma vill stjórnin bjóða Ara velkominn til starfa og óska honum velfarnaðar í áframhaldandi uppbyggingarstarfi skólans í Nauthólsvík.

## Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Klak - Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og Háskólans í Reykjavík veitti níu sprota-fyrirtækjum verðlaun** nú í vikunni, en afhendingin fór fram við brautskráningu sprota-fyrirtækja úr Viðskiptasmiðjunni.
- **Hægt hefur á samdrætti í einkaneyslu**, en þetta má sjá á greiðslukortaveltu síðustu mánuða.

- **Uppgjör allra bankanna er nú lokið** en Íslensk stjórnvöld og skilanefnd Landsbanka Íslands náðu samkomulagi um uppgjórið í vikunni. Fjármálaráðherra segir þetta lokaskref ríkisstjórnarinnar í endurreisn stóru bankanna.
- **Mikilvægur áfangi náðist í endurskipulagningu Byrs í vikunni**, en ríkið mun leggja inn nýtt stofnfé. Eftir áramót verður farið í það tímabæra verkefni að reisa við sparisjóðakerfið.
- **Borgarstjóri Reykjavíkur minnti á það í ræðu í vikunni að skynsamlegra væri að spara í útgjöldum borgarinnar**, með því væri farin sama leið og heimili og fyrirtæki hafa farið.
- **Mosfellsbær tilkynnti einnig í vikunni að þar skyldi hagrætt í rekstri** til að mæta lægri tekjum og hærri kostnaði í útgjöldum bæjarins.
- **Orkuver hugvits og verkþekkingar hefur opnað í gömlu toppstöðinni í Elliðaárdalnum**, en orkuverið verður miðstöð sem hefur það að markmiði að styðja við nýsköpun í framleiðslu og hönnun.
- **Heilsujurtir – SagaMedica hyggst opna skrifstofu í Flórída í Bandaríkjunum**. Fyrirtækið er íslenskt og framleiðir lyf sem unnið er úr íslenskri hvönn.
- **CitiGroup hefur bæst í hóp þeirra Bandarísku banka sem hafa endurgreitt til ríkisins aðstoð** vegna yfirstandandi fjármálakrísu og segist bankinn standa í þakkarskuld við almenning.
- **Bílasala í Evrópu er á uppleið en hún hefur aukist um tæp 27%** í nóvember miðað sama tíma í fyrra.
- **Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum gaf í vikunni 2.000 poka af humri** til Mæðrastyrksnefndar.
- **Sala á skyri fer vaxandi í Danmörku** og horfur eru á söla aukningu upp á 5% í ár.
- **Jólaverslun í Bretlandi hefur gengið vel** en spáð er 4% aukningu frá því í fyrra.

Góða helgi, gleðileg jóla og farsælt komandi ár. Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.